

## Undanþága frá tilboðsskyldu í Icelandair Group hf.

Fjármálaeftirlitið hefur haft til skoðunar undanþágubeiðni Framtakssjóðs Íslands slhf. (Framtakssjóður) frá tilboðsskyldu í Icelandair Group hf. (Icelandair), sbr. 100. gr. a laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.), en þann 14. júní 2010 undirrituðu Framtakssjóðurinn og Icelandair áskriftarsamning um nýtt hlutfé í Icelandair þar sem Framtakssjóðurinn skráði sig fyrir 1.200 milljón hlutum á genginu 2,5 krónur eða að söluverði 3 milljarðar. Var m.a. gert skilyrði fyrir kaupunum að Framtakssjóðnum yrði veitt undanþága frá yfirtökuskyldu skv. 100. gr. a vvl. gerðist þess þörf. Að uppfylltum skilyrðum sem sett eru fyrir fjárfestingu Framtakssjóðsins mun sjóðurinn með kaupum sínum eignast 32,5% hlutfjár í Icelandair. Þannig mun Framtakssjóðurinn eignast 32,5% af atkvæðisrétti í Icelandair og fara þar með yfir mörk 1. töluliðar 1. mgr. 100. gr. vvl. og verða tilboðsskyldur gagnvart öðrum hluthöfum Icelandair.

Samkvæmt 1. mgr. 100. gr. a vvl. getur hluthafi, eða annar aðili, sem hefur í hyggju að kaupa hluti í félagi eða gera aðra samninga eða ráðstafanir sem leiða mundu til skyldu hans til að gera yfirtökutilboð, óskað eftir því með skriflegri og rökstuddri beiðni til Fjármálaeftirlitsins að verða leystur undan tilboðsskyldu í tiltekinn tíma. Skilyrði þess að slíkt leyfi megi veita eru að markmið umsækjanda sé að forða félaginu frá alvarlegum fjárhagsvanda eða taka þátt í endurskipulagningu félags vegna fjárhagsvanda þess og stjórn félagsins sé því samþykkt. Í frumvarpi sem varð að lögum nr. 22/2009, um breytingu á vvl., kemur fram að eðlilegt sé að slík heimild sé í lögum til að auðvelda björgunaraðgerðir gagnvart félögum sem lenda í fjárhagslegum erfiðleikum.

Yfirtökureglum vvl. er ætlað að koma í veg fyrir að einn aðili nái yferráðum, þ.e. að atkvæðisréttur annarra hluthafa verið gagnslaus og verðlaus. Fjármálaeftirlitið getur varið aðra hluthafa félagsins gegn ofríki stærsta hluthafans með því að takmarka atkvæðisrétt hans, á meðan eign hans er yfir yfirtökumörkum. Með því móti er leitast við að atkvæðisréttur annarra hluthafa haldi vægi sínu.

### *Niðurstaða*

Málið var lagt fyrir stjórn Fjármálaeftirlitsins til ákvörðunar þann 6. ágúst 2010. Með vísan til framangreinds hefur Fjármálaeftirlitið ákveðið að Framtakssjóðnum skuli veitt skilyrt undanþága frá tilboðsskyldu skv. 1. mgr. 100. gr. vvl., sbr. 100. gr. a sömu laga, til að fara með allt að 32,5% hlutfjár í Icelandair vegna þátttöku Framtakssjóðsins í fjárhagslegri endurskipulagningu Icelandair. Að mati Fjármálaeftirlitsins uppfyllir Framtakssjóðurinn þau skilyrði sem koma fram í 1. mgr. 100. gr. a vvl. en samningurinn markar mikilvægt skref í fjárhagslegri endurskipulagningu Icelandair sem staðið hefur yfir síðan síðari hluta ársins 2008. Undanþágan miðar við þann dag sem viðskipti Framtakssjóðsins ganga í gegn. Undanþágan nær ekki til þess/þeirra sem síðar kaupa hlut af Framtakssjóðnum.

Undanþágan er veitt með eftirtöldum skilyrðum:

1. *Frestur til endursölu:*

Framtakssjóðnum ber að selja svo stóran hlut af eign sinni í Icelandair að félagið fari ekki lengur, beint eða óbeint, með yfirráð í félaginu skv. 100. gr. vvl. eins fljótt og unnt er eða innan 12 mánaða. Fjármálaeftirlitið getur framlengt þennan frest, ef sérstakar ástæður mæla með því.

2. *Takmörkun á nýtingu atkvæðisréttar*

Framtakssjóðnum skal einungis vera heimilt að nýta allt að 30% virkra atkvæða í félaginu. Með virkum atkvæðum er átt við heildarfjölda atkvæða að frádregnum þeim atkvæðisrétti sem fellur niður vegna þessa.

3. *Skilyrði fyrir upplýsingagjöf*

Fjármálaeftirlitið fer fram á að Framtakssjóðurinn í samvinnu við Icelandair upplýsi Fjármálaeftirlitið reglulega um framgang hinnar fjárhagslegu endurskipulagningar. Þá fer Fjármálaeftirlitið fram á að áætlun um endursölu sé kynnt því með minnst viku fyrirvara.